

## GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestastærð þess, og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

Fyrir skip allt að .....	500 br. rúml. ....	kr. 175,00
Fyrir skip frá .....	500 til 1 000 br. rúml. ....	kr. 185,00
Fyrir skip frá .....	1 000 — 1 500 br. rúml. ....	kr. 195,00
Fyrir skip frá .....	1 500 — 2 000 br. rúml. ....	kr. 205,00
Fyrir skip frá .....	2 000 — 3 000 br. rúml. ....	kr. 220,00
Fyrir skip frá .....	3 000 — 4 000 br. rúml. ....	kr. 235,00
Fyrir skip frá .....	4 000 — 5 000 br. rúml. ....	kr. 250,00
Fyrir skip frá .....	5 000 — 10 000 br. rúml. ....	kr. 270,00
Fyrir skip frá .....	10 000 — 15 000 br. rúml. ....	kr. 290,00
Fyrir skip frá .....	15 000 — 20 000 br. rúml. ....	kr. 310,00
Fyrir skip frá .....	20 000 — 30 000 br. rúml. ....	kr. 330,00
Fyrir skip frá .....	30 000 og þar yfir .....	kr. 350,00

Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómíllur skal vera:

Fyrir skip allt að .....	500 br. rúml. ....	kr. 39,00
Fyrir skip frá .....	500 til 5 000 br. rúml. ....	kr. 46,00
Fyrir skip frá .....	5 000 til 10 000 br. rúml. ....	kr. 53,00
Fyrir skip frá .....	10 000 og þar yfir .....	kr. 60,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 1 500,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 450,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 45,00 fyrir hverjar 100 br. rúmllestir skipsins þar fram yfir.

### 2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 210,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

### 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 210,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00<sup>00</sup>–24<sup>00</sup>).

### 4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 305 12. júní 1984.

*Samgönguráðuneytið, 17. maí 1985.*

**Matthías Bjarnason,**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 224

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.**

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 30. janúar sl., þar sem lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.

Allir bæir í Þorkelshólshreppi, sem tilheyrir hafa Breiðabólstaðarsókn og Þingeyrarsókn, tilheyri framvegis Víðidalstungusókn.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis frá 2. september 1984, svo og samþykkt viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið ofangreinda breytingu.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“

Nr. 225

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 25. janúar sl., þar sem lagt er til að breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar frá 2. september 1984, svo og samþykki viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið að eftirfarandi breyting verði gerð á mörkum Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi: Að bæirnir Hléskógar og Grýtubakki II flytjist úr Grenivíkursókn í Laufássókn.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“